



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

SAGA3SS05

Kennari	Guðbjörg K. Jónatansdóttir - guðbjorg.jonatansdottir@fss.is		
Viðtalstími	Fimmtudaga kl. 10.10 -10.50		
Námsefni	Greinar og fyrirlestrar á Innu, kvikmyndir og efni af Internetinu		
Áfangalýsing	Á 20.og 21. öldinni hafa átt sér stað mörg og mannskæð stríð sem hafa snert þjóðir heims misjafnlega mikið. Í áfanganum verður horft á valdar kvikmyndir sem tengjast viðfangsefninu á einn eða annan hátt		
	Kvikmyndirnar verða svo skoðaðar í tengslum við atburðina sem þær fjalla um og tengjast átökum ríkja eða hópa. Kvikmyndirnar verða settar í sögulegt samhengi og rýnt verður með gagnrýnum hætti í sannleiksgildi myndanna.		
	Í samráði við kennara velja nemendur viðfangsefni til að dýpka skilning sinn á orsökum, atburðarás og afleiðingum stríða. Sérstök áhersla verður á að skoða stríð í nútímanum í tenglum við fortíðina.		
	Nemendum verður úthlutað lesefni með sagnfræðilegri umfjöllun um ákveðin efni til þess að auka sögulega þekkingu þeirra. Markmið áfangans er að dýpka söguþekkingu nemenda og efla hæfni þeirra til gagnrýnnar umfjöllunar um söguna og hvernig henni er miðlað í afþreyingarefni.		
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Símat þar sem ætlast er til að nemandi mæti í tíma og skili bæði lokaprófi, einstaklingsverkefni og hópverkefni ásamt því að skila umsögnum um kvikmyndir		
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☐
	Heiti	Vægi	
	Hópverkefni	20%	
	Próf	30%	
	Umsagnir um kvikmyndir og önnur verkefni	30%	
	Podcast	20%	
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.		
Annað sem kennari vill láta koma fram	Athugið að skyldumæting er í alla tíma. Til að ljúka áfanganum þarf að taka próf, gera hópverkefni og skila podcasti og 80% af öðrum verkefnum		

Grunnpættir menntunar	Lýðræði og mannréttindi ásamt jafnrétti eru rauður þráður í náminu, enda eru samfélagsgreinar kjölfesta slíkrar þekkingar. Við rýnum í þróun stjórnarfars og mannréttindabaráttu, og skoðum gagnrýnið hvernig þættir eins og kyn, stétt og þjóðerni hafa skapað mismunun eða forréttindi á ólíkum sögulegum tímum. Lögð er rík áhersla á læsi í víðum skilningi. Nemendur þjálfast í að skilja samfélag sitt á gagnrýninn hátt með því að greina ólíkar sögulegar heimildir, skilja samhengi þeirra og meta áreiðanleika upplýsinga. Sjálfbærni er rannsökuð með því að skoða samspil manns og náttúru í gegnum aldirnar. Við greinum hvernig fyrri samfélög nýttu auðlindir og hvernig efnahags- og umhverfispættir mótuðu lífsskilyrði. Til að styðja við heilbrigði og velferð fá nemendur tækifæri til að nálgast söguna út frá eigin styrkleikum og áhugasviði, sem hjálpar til við að byggja upp jákvæða sjálfsmynd og skilning á eigin uppruna. Að lokum er sköpun mikilvægur hluti vinnulagsins. Hún snýst um að sjá nýja möguleika í vinnslu efnisins og nýta fjölbreytta miðla og stafræna tækni til að skapa og miðla eigin merkingu á frumlegan hátt
------------------------------	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • helstu átökum 20. og 21. aldar • hvaða þættir geta leitt til átaka og hvaða áhrif stríð 20. aldarinnar hafa haft á ríkjamyndun og samskipti þjóða almennt • sögulegum atburðum og tímabilum sem til umfjöllunar verða í ljósi kvikmyndanna • kvikmyndum sem miðlunarformi sögunnar • helstu kvikmyndum sem hafa mótað hugmyndir almennings um viðkomandi átök • áhrifum kvikmynda til að móta viðhorf og afstöðu áhorfenda til sögulegra atburða og hvernig unnt er að nýta kvikmyndir í áróðursskyni	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • lesa sagnfræðilegan texta og meta viðfangsefnið á gagnrýninn hátt • leggja mat á kvikmyndir út frá sögulegum atburðum sem þær fjalla um • meta eigin rök og annarra • tjá sig um efni áfangans, rökræða viðfangsefnið og geta miðlað því á fjölbreyttan hátt • tengja kvikmyndafræði við eigin reynslu og veruleika
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • geta miðlað skoðunum og fræðilegum athugunum á skýran hátt • geta greint kvikmyndir á fræðilegan hátt • geta notað hugtök og aðferðir til að skilja og greint miðilinn betur • geta beitt gagnrýnni hugsun á markvissan hátt á öllum sviðum lífsins • geta borið saman ólíkar skoðanir og rök til að komast að sameiginlegri niðurstöðu • geta tileinkað sér nýja þekkingu á markvissari hátt • skilja betur heiminn og samfélagið sem hann býr í	

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Umræða og myndir tengdar stríðum	<i>Umfjallanir um kvikmyndir á að skila viku eftir að kvikmynd hefur verið sýnd</i>
2. vika 24.-28. ágúst	Horft á mynd, umræður, tímaverkefni Black Hawk Down	
3. vika 31. ágúst-4. september	Úkraína ,Ísrael/ Palestína	
4. vika 7.-11. september	Hópverkefni	Skila hópverkefni 11. sept
5. vika 14.-18. september	Fyrri heimstyrjöldin	
6. vika 21.-25. september	Seinni Heimstyrjöldin	próf úr mynd 1- 21. Sept.
7. vika 28. september-2. október	Seinni heimstyrjöldin	Próf úr mynd 2- 28.sept.
8. vika 5.-9. október	Víetnamstríðið	Próf úr mynd 3- 5.okt.
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt. Miðannarmat 13. okt.</i>	Afganistan	Próf úr mynd 4. 13. okt. .
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Ísrael/ Palestína	Próf úr mynd 5.-19. okt
11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Balkanskagi 1990	Próf úr mynd 6- 27. okt
12. vika 2.-6. nóvember	Írakstríðið Flóastríði 1991 og innrásin 2003	Próf úr mynd 7- 2. nóv.
13. vika 9.-13. nóvember	Tvíburaturnarnir Stríðið við Hryðjuverk	Próf úr mynd 8- 9. nóv
14. vika 16.-20. nóvember	Stríðið í Úkraínu	Einstaklingsverkefni
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Stríð og átök í nútímanum	Próf 30 % 24. Nóv.
16. vika 30. nóvember-4. desember		Skila einstaklingsverkefni 4. des

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Guðbjörg K. Jónatansdóttir